

Samanburður á úrræðum og umsóknum
um þjónustu til Barna- og fjölskyldustofu á
árunum 2022 - 2025

Júlí 2026

Í þessari samantekt er að finna upplýsingar um úrræði og fjölda umsókna um þjónustu til Barna- og fjölskyldustofu á árunum 2022-2025. Þá má finna tölulegar upplýsingar úr Barnahúsi frá sama tímabili. Í sumum tilvikum er litið til fyrri ára til að varpa ljósi á breytingar sem hafa orðið á einstökum málaflokkum.

Svipaður fjöldi umsókna 2024 og 2025

Árin 2024 og 2025 barst svipaður fjöldi umsókna í meðferðarúrræði Barna- og fjölskyldustofu, 173 og 170 umsóknir. Er það fækkun frá því sem var árið 2023 en þá bárust óvenju margar umsóknir, ekki síst í MST.

Umsóknum um meðferðarheimili voru 39 árið 2024 og 38 árið 2025 en þeim hefur fækkað undanfarin ár. Ívið fleiri umsóknir bárust vegna drengja árið 2024 en kynjahlutfallið var nánast jafnt árið 2025.

Beiðnir um fósturheimili svipaðar að umfangi og fyrri ár

Beiðnir um fósturheimili voru 134 árið 2024 og 144 árið 2025. Árið 2024 bárust í fyrsta sinn flestar beiðnir vegna styrkts fósturs, sem námu 42,5% allra beiðna. Árið 2025 voru aftur flestar beiðnir vegna tímabundins fósturs, eða 50,7% allra beiðna. Beiðnir um varanlegt fóstur voru óvenju fáar árið 2023 en voru árin 2024 og 2025 nær því sem verið hefur undanfarin ár.

Í byrjun árs 2022 færðust umsóknir fósturforeldra yfir til Gæða- og eftirlitsstofnunar en Barna- og fjölskyldustofu var falið að veita umsóknum umsagnir áður en leyfi væri veitt. Beiðnum um umsagnir vegna umsókna um leyfi til að gerast fósturforeldrar fækkaði árið 2024 frá því sem var árið áður en fjölgaði aftur árið 2025. Alls bárust 63 slíkar beiðnir árið 2025, samanborið við 40 árið áður.

Skýrslutökur vegna líkamlegs- og heimilisofbeldis fleiri

Rannsóknarviðtölum í Barnahúsi fækkaði árið 2024 en fjölgaði aftur árið 2025 og voru þá alls 296. Skýrslutökur fyrir dómi voru 186 árið 2025, sem er fjölgun um 31,0% frá árinu 2024. Árið 2024 voru skýrslutökur vegna líkamlegs- og heimilisofbeldis í fyrsta skipti fleiri en skýrslutökur vegna kynferðisofbeldis. Sú þróun hélt áfram árið 2025. Könnunarviðtöl fyrir barnaverndarþjónustur voru 106 árið 2024 og 110 árið 2025, sem er fækkun samanborið við árin 2022-2023. Stúlkur voru í meirihluta þeirra barna sem komu í rannsóknarviðtöl öll árin 2022-2025.

Óvenju margir vistunardagar á lokaðri deild Stuðla á grundvelli 100. gr. laga um meðferð sakamála


Fjöldi vistana á lokaðri deild Stuðla var 225 árið 2024 og 240 árið 2025. Árið 2025 voru stúlkur í meirihluta þeirra barna sem dvöldu á lokaðri deild, sem er frábrugðið því sem verið hefur undanfarin ár. Vistunardagar samkvæmt 100. gr. laga um meðferð sakamála voru áfram óvenju margir og var fjöldi þeirra bæði árið 2024 og 2025 meiri en samanlagður fjöldi vistunardaga á grundvelli ákvæðisins á árunum 2015–2023.

Umsóknir um meðferð

Hér á eftir má finna fjölda umsókna um meðferðir hvers árs fyrir sig

Tegund meðferðar	2022		2023		2024		2025	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Meðferðarheimili ¹	46	28,9	55	26,1	39	22,5	38	22,4
MST	113	71,1	154	73,9	134	77,5	132	77,6
Alls	159	100	209	100	173	100	170	100

¹ Lækjarbakki, Bjargey, Esja (áður Blönduhlíð) og meðferðardeild Stuðla. Lækjarbakki lokaði árið 2024. Esja opnaði árið 2025.



Fjöldi umsókna í meðferðarúrræði Barna- og fjölskyldustofu hefur verið breytilegur milli ára. Á árunum 2013-2023 bárust að jafnaði 162 umsóknir á ári, fæstar 137 (árið 2013) en flestar 209 umsóknir (árið 2023).

Árið 2024 bárust 173 umsóknir í meðferðarúrræði Barna- og fjölskyldustofu en 170 árið 2025. Það er því fækkun frá því sem var árið 2023 en samt yfir meðallagi ef miðað er við áratug á undan. Umsóknum um meðferðarheimili fækkaði áfram og voru þær 38 árið 2025, sem er lægsti fjöldi umsókna á tímabilinu.

Umsóknir um meðferð eftir kyni barns


Kyn barna	2022		2023		2024		2025	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	72	45,3	103	49,3	100	57,8	86	50,6
Stúlkur	84	52,8	101	48,3	73	42,2	84	49,4
Stálp/kynsegin	3	1,9	5	2,4	0	0,0	0	0,0
Alls	159	100	209	100	173	100	170	100

Hlutfall umsókna hjá drengjum og stúlkum hefur verið nokkuð jafnt undanfarin ár en drengir voru heldur fleiri árið 2024.

Beiðnir um fósturheimili

Hér á eftir má finna fjölda beiðna um fósturheimili eftir tegund fósturs hvers árs fyrir sig

Tegund fósturs	2022		2023		2024		2025	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Tímabundið	86	60,1	79	56,0	53	39,6	73	50,7
Varanlegt	19	13,3	9	6,4	24	17,9	27	18,8
Styrkt	38	26,6	53	37,6	57	42,5	44	30,6
Alls	143	100	141	100	134	100	144	100



Beiðnir um fósturheimili voru færri á árinu 2024 en þær voru árið 2023. Flestar beiðnir voru vegna styrkts fósturs, 57 í heildina. Það var í fyrsta skiptið sem flestar beiðnir bárust vegna styrkts fósturs.

Árið 2025 var fjöldi beiðna meira í takt við fyrri ár. Þær voru 144 talsins og flestar beiðnir voru vegna tímabundins fóstur eða 73. Næst flestar beiðnir voru vegna styrkts fósturs og voru þær 44.

Óvenju fáar beiðnir um varanlegt fóstur bárust árið 2023 en hefur síðastliðin tvö ár verið meira í takt við fjölda fyrri ára.

Beiðnir um fósturheimili eftir landsvæði

Landsvæði	2022		2023		2024		2025	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík	51	35,65	38	26,9	42	31,3	68	47,2
Nágrenni								
Reykjavíkur ¹	41	28,7	21	14,9	28	20,9	41	28,5
Landsbyggð	51	35,65	82	58,2	64	47,8	35	24,3
Alls	143	100	141	100	134	100	144	100

¹Nágrenni Reykjavíkur eru sveitarfélögin: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnesbær, Mosfellsbær og Kjósarhreppur

Beiðnir um fósturheimili eftir kyni barns

Kyn barna	2022		2023		2024		2025	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	73	51,0	70	49,6	68	50,7	74	51,4
Stúlkur	70	49,0	70	49,6	64	47,8	68	47,2
Stálp/ekki vitað ¹	0	0,0	1	0,8	2	1,5	2	1,4
Alls	143	100	141	100	134	100	144	100

¹Umsókn getur borist vegna ófæddis barns hvers kyn er ekki vitað. Þá má einnig nefna að frá 1. janúar 2020 hefur verið boðið upp á hlutlausa skráningu á kyni, þ.e. utan kynjatvíhyggju, skv lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019. Vegna persónuverndarsjónarmiða er ekki greint hér á milli.

Árið 2025 bárust flestar beiðnir um fósturheimili vegna barna í Reykjavík, eða 47,2% en árið 2024 bárust flestar beiðnir um fósturheimili vegna barna á landsbyggð, eða 47,8% allra beiðna. Beiðnir um fósturheimili voru aðeins fleiri fyrir drengi en stúlkur bæði árin.


Þjónusta í Barnahúsi

Hér á eftir má finna tölur um þjónustu sem Barnahús veitti á árunum hvert ár fyrir sig.

Þjónusta í Barnahúsi

	2022	2023	2024	2025
Rannsóknarviðtöl alls	378	291	248	296
a. Skýrslutökur ¹	218	157	142	186
<i>Vegna kynferðislegs ofbeldis</i>	120	89	56	81
<i>Vegna líkamlegs- og heimilisofbeldis</i>	98	68	86	105
b. Könnunarviðtöl	160	134	106	110
<i>Þar af fylgdarlaus börn</i>	28	14	10	2
<i>Þar af hælisleitandi börn í fylgd forsjáraðila</i>	1	1	0	0
Greiningar- og meðferðarviðtöl	156	131	104	163
Læknisskoðanir	6	4	14	4

¹Til viðbótar nýtti lögreglan aðstöðu Barnahúss í einu tilviki árið 2022.



Rannsóknarviðtöl í Barnahúsi skiptast í skýrslutökur fyrir dómi annars vegar og könnunarviðtöl fyrir barnaverndarþjónustur hins vegar. Rannsóknarviðtölum fækkaði árið 2024 frá því sem var árið áður en fjölgaði aftur 2025.

Skýrslutökur árið 2025 voru alls 186, sem eru heldur fleiri skýrslutökur en 2023 og 2024. Skýrslutökur sem varða líkamlegs- og heimilisofbeldi voru í meirihluta árið 2024 og 2025, ólíkt

Því sem áður hefur verið og skýrslutökum vegna kynferðislegs ofbeldis fækkaði töluvert á milli árunna 2023 og 2024 en fjölgaði aftur árið 2025.

Könnunarviðtöl fyrir barnaverndarþjónustur voru 106 árið 2024 og 110 árið 2025. Það eru færri könnunarviðtöl en fyrri ár.

Beiðni um þjónustu í Barnahúsi eftir kyni barns

Kyn barna ¹	2022		2023		2024		2025	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	132	34,9	70	24,1	85	34,4	108	36,5
Stúlkur	245	64,8	221	75,9	162	65,6	184	62,2
Stálp ²	1	0,3	0	0,0	0	0	4	1,4
Alls	378	100	291	100	247	100	296	100

¹Kyn þeirra barna sem komu í skýrslutöku eða könnunarviðtal, sama barn getur komið bæði í skýrslutöku og könnunarviðtal innan tiltekins tíma.

²Frá 1. janúar 2020 hefur verið boðið upp á hlutlausa skráningu á kyni, þ.e. utan kynjatvíhyggju, skv. lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019.

Fleiri stúlkur en drengir sóttu þjónustu á árinu 2025 og er það í takt við kynjaskiptingu síðustu ára. Stúlkum fækkaði á milli árunna 2023 og 2024 en fjölgaði svo aftur ári seinna. Drengjum fjölgaði aftur á móti á sama tímabili, eftir að hafa fækkað um 47% á milli árunna 2022 og 2023.

Lokuð deild á Stuðlum

Hér á eftir má finna fjölda upplýsingar um fjölda barna, vistana og vistunardaga á lokaðri deild Stuðla á árunum 2022 til 2025.

Lokuð deild á Stuðlum	2022	2023	2024	2025
Fjöldi vistana	136	199	225	240
Vistunardagar: 25. eða 31. gr. bvl.	638	1.154	1.348	926
Vistunardagar: Vistun á viðeigandi stofnun skv. 100. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 ¹	15	147	759	567
Fjöldi einstaklinga	58	72	73	69

¹Vistun fór einnig fram á öðrum deildum en í neyðarvistun. Vistun á grundvelli 100. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 og 44. gr. laga nr. 15/2016 um fullnustu refsinga. Skv. þeim kemur fram að fangar sem eru undir 18 ára aldri skuli afplána refsingu á vegum barnaverndaryfirvalda. Í reglugerð, nr. 533/2015 er fjallað frekar um það.


Kyn barna sem voru á lokaðri deild Stuðla

Kyn barna	2022		2023		2024		2025	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	42	72,4	43	59,7	42	57,5	32	46,4
Stúlkur	16	27,6	29	40,3	31	42,5	37	53,6
Alls	58	100	72	100	73	100	69	100

Fjöldi vistana á lokaðri deild Stuðla var 225 árið 2024 og 240 árið 2025. Það er fjölgun frá árunum 2022 og 2023. Vistunardagar voru 1.348 árið 2024, sem var 16,8% aukning fyrra ári. Vistunardögum fækkaði á ný árið 2025 en voru þó fleiri en árið 2022.

Árið 2024 dvöldu 73 börn á lokaðri deild Stuðla en 69 árið 2025. Drengir voru í meirihluta árið 2024 en stúlkur árið 2025. Sú kynjaskipting er frábrugðin því sem verið hefur undanfarin ár.

Vistunardagar á grundvelli 100. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 hafa almennt verið fáir og voru á bilinu 0-148 á árunum 2015-2023 eða samanlagt 492. Árið 2024 voru þeir 759 og árið 2025 voru þeir 567. Hvort ár um sig var því með fleiri vistunardaga en öll árin 2015-2023 samanlagt.



Beiðni um umsagnir við umsóknum frá fósturforeldrum

Þann 1. janúar 2022 var Barnaverndarstofa lögð niður og Barna- og fjölskyldustofa tók til starfa. Í kjölfarið færðust umsóknir fósturforeldra yfir til Gæða- og eftirlitsstofnunar en Barna- og fjölskyldustofu var falið að veita umsóknum umsagnir áður en leyfi væri veitt. Hér fyrir neðan má sjá fjölda umsagna sem Barna- og fjölskyldustofa var beðið um að veita. Ekki er hægt að segja til um hvort Barna- og fjölskyldustofu hafi borist beiðni um umsagnir allra umsókna sem hafa borist Gæða- og eftirlitsstofnun.

Beiðnir um umsagnir við umsóknum

Hvaðan koma umsóknirnar	2022		2023		2024		2025	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík og nágrenni ¹	32	61,5	38	55,1	18	45,0	31	49,2
Landsbyggð	20	38,5	30	43,5	21	52,5	32	50,8
Fólk búsett erlendis	0	0,0	1	1,4	1	2,5	0	0,0
Samtals	52	100	69	100	40	100	63	100

¹ Nágrenni Reykjavíkur eru sveitarfélögin: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnesbær, Mosfellsbær og Kjósarhreppur

Beiðnir um umsagnir frá Gæða- og eftirlitsstofnun, vegna umsókna um leyfi til að gerast fósturforeldrar voru töluvert færri árið 2024 frá árinu á undan eða 40 í heildina. Árið 2025 fjölgaði þeim aftur og voru þá 63 talsins.